



Grænfánaskýrsla Skýjaborgar 2023-2025



Eyrún Jóna Reynisdóttir
Maí 2025

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Umhverfisnefndir	3
Mat á stöðu umhverfismála í leikskólanum	4
Áætlun um aðgerðir og markmið	4
Eftirlit og endurmat	6
Fræðsla og verkefni	8
Önnur verkefni sem tengjast sjálfbærni/umhverfismálum við skólann	11
Tenging við aðalnámskrá.....	13
Að upplýsa og fá aðra með	14
Umhverfissáttmáli.....	15
Lokaorð	16
Fylgiskjal 1 – Fundargerðir	17

Inngangur

Einkunnarorð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar eru:
Vellíðan – Virðing – Metnaður – Samvinna.

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla árið 2011. Leikskólasvið skólans heldur sínu nafni, Skýjaborg og er í sér húsnæði. Skýjaborg er tveggja deilda og eru um 40 börn frá 1-6 ára. Skýjaborg flaggaði sínum fyrsta Grænfána 2010, öðrum 2012, þriðja 2014, fjórða 2017 (þrjú ár voru á milli til að samstillast Skýjaborg og Heiðarskóla), fimmta 2019, sjötta 2021 og sjöunda 2023. Hér lítur því dagsins ljós áttunda skýrsla Grænfánaverkefnis leikskólans Skýjaborgar. Þegar sótt var um Grænfánann í fyrsta sinn var ákveðið að fara í gagnvera endurskoðun á skólanámskránni og tryggja að umhverfissjónarmið væru eins og rauður þráður í gegnum allt starfið. Þannig er ekki megináhersla á að vinna afmörkuð verkefni er lúta sérstaklega að umhverfisvernd, heldur að í öllu starfi og skipulagi sé hugsað um að tengja við umhverfis- og náttúruvernd og fræðslu. Við endurgerð skólanámskrár og uppfærslum hefur þessu vinnulagi verið viðhaft.

Allt skipulag innanhúss miðar að því að það sé auðvelt og eðlilegt að hugsa um hvað við kaupum inn, hverju við hendum og hvernig við göngum um okkar nærumhverfi. Starfsfólk er sammála um að þessi leið sé góð og að auðvelt sé að vinna með verkefnið þegar það er unnið sem partur af öllu starfinu.

Þegar við unnum að skrefunum sjö (2009-2010), unnum við sérstaklega með þemun rafmagn og vatn, endurbættum umhverfissáttmálann og lögðum áherslu á að raddir barna fengju að heyrast meira í umræðu um umhverfismál. Næstu ár á eftir, 2010-2014, héldum við áfram að vinna með þemað vatn, einnig unnum við með þemun úrgangur og átthagar. Áhersla 2014-2017 var á átthaga og lýðheilsu og 2017-2019 á þemun neysla og úrgangur og átthagar og landslag. Áhersla 2019-2021 var á þemun vatn og lífbreytileiki. Áhersla 2021-2023 var á hnattrænt jafnrétti og lýðheilsu. Áherslu síðustu tveggja ára hefur verið á neyslu og úrgang ásamt því að haldið var áfram með þemað hnattrænt jafnrétti.



Í skýrslunni er farið yfir stöðu umhverfismála í leikskólanum, þau verkefni sem leikskólinn hefur unnið að á síðastliðnum tveimur árum ásamt fundargerðum umhverfisnefnda.

Umhverfisnefndir

Umhverfisnefndir í Skýjaborg eru tvær, annars vegar elsti árgangur barna í leikskólanum ásamt sínum kennara/kennurum og hins vegar umhverfisnefnd starfsmanna sem allir starfsmenn sitja í. Síðan haustið 2010 hefur elsti árgangurinn verið í umhverfisnefnd og er áherslan á að hlusta á þeirra viðhorf, skoðanir og hugmyndir. Á fundum er farið vel yfir hlutverk umhverfisnefndarinnar, Grænfánaverkefnið

og er reynt að vekja ábyrgðarkennd barnanna fyrir nánasta umhverfi okkar. Fundirnir eru misformlegir eftir viðfangsefnum fundanna. Stundum er fundurinn hefðbundinn, þar sem setið er við borð eða í hring og spjallað um ákveðið viðfangsefni en oftast er viðfangsefnið þannig að það er gert í verki og rætt við börnin á meðan unnið er að ákveðnu umhverfisverkefni. Kemur það fram í fundargerðunum.

Umhverfisnefnd starfsmanna er óformleg. Leikskólastjóri heldur umhverfisnefundarfundum með öllu starfsfólki á skipulagsdögum í samstarfi við þá kennara sem sitja með börnunum í umhverfisnefnd. Yfirleitt eru ekki eru teknar ákvarðanir nema allt starfsfólkið sé með í ráðum.

Umhverfisnefnd barna fundaði aðallega óformlega heldur en formlega á tímabilinu, engar skráðar fundargerðir voru á fyrra skólaári en sex á síðara skólaárinu. Umhverfisnefnd fullorðinna fundaði fimm sinnum á tímabilinu. Niðurstöður funda voru skráðar í fundargerðir sem finna má í fylgiskjali 1.

Mat á stöðu umhverfismála í leikskólanum

Umsjónarmaður grænfánans byrjaði tímabilið á að skoða síðustu skýrslu grænfánans og stöðu umhverfismála í leikskólanum (fór ekki yfir gátlista). Hann setti niður tillögur og lagði þær fyrir allt starfsfólk á fundi í september 2023. Starfsfólk tók vel í tillögur og var því ákveðið að vinna áfram með hnattrænt jafnrétti sem og að vinna með þemað neyslu og úrgang. Farið var yfir hugmyndir að markmiðum. Leikskólastjóri og umsjónarmaður grænfánans unnu svo að og settu upp aðgerðaráætlun sem má finna hér fyrir neðan.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Leikskólastjóri og umsjónarmaður grænfánans settu upp aðgerðaráætlun út frá þeim ákvörðunum sem höfðu verið teknar varðandi þemu og markmið. Hér má sjá aðgerðaráætlunina:

Aðgerðaáætlun Grænfánans 2023-2025

Dagsetning: Desember 2023						
Umhverfisnefnd: Starfsmenn Skýjaborgar / elsti árgangur leikskólans						
Bema	Markmið	Aðgerðir/leiðir	Ábyrgir aðilar	Efni/Áhöld	Tímarammi	Árangursmat
Hnattrænt jafnrétti	1. Vinna markvisst með þjóðerni eða uppruna barna og starfsfólks í leikskólanum og kynna þannig ólíka menningarheima og lönd.	a. Gera þjóðerni sem eru innan leikskólans sýnileg með velkomin skilti á öllum tungumálum innan leikskólans. Ath. Úr léttari pappa heldur en við gerðum í fyrra og varanlegra.	X og X	Prenta það út? Pappír og litir/málning eða annar léttur efniviður sem verður ákveðinn.	Jan 2024 - maí 2024	Eru komin upp skilti í fataherbergi?
		b. Hvaðan eru börnin? Skipta þjóðernum upp í þemu. Taka eitt þema í einu. Finna bækur, skoða á netinu, hvað finnst börnunum áhugavert og hvað er hægt að einblína á - frá hverju landi?	X	Bækur, ípad + ?	mars 2024 - júní 2024	Hvað var gert?
		c. Halda áfram að syngja á ólíkum tungumálum.	X	Söngtextar á ólíkum tungumálum. Samvinna við foreldra tvityngdra barna með söngtexta ef þörf er á.	September 2023 - maí 2025	Hvaða lög hafa verið sungin á ólíkum tungumálum?
	2. Kynna ólíka menningarheima fyrir börnunum og aðstæður jafnaldra þeirra í fjarlægðum löndum.	a. Samvinna við leikskóla í Póllandi. Próa í sameiningu. Senda bréf, myndir, myndbönd, myndsímtal.	X og X	Tölva + ?	Jan 2024 - maí 2024, áframhaldandi verkefni	Er samvinna hafin? Hvernig gengur?
Neysla og úrgangur	3. Að virkja börnin í að skila úrgangi á viðeigandi staði til endurvinnslu.	a. Að börnin tæmi reglulega flokkunartunnur og fari með í viðeigandi gáma. Gera þannig börnin betur meðvitúð um úrgangsmál.	X og X	Kerra til að ganga með úrgang í gámana.	ágúst 2023 og maí 2025	Er komin regla á tæmingu? Er ákveðin starfsmaður sem fylgist með þegar tunnur fyllast? Viljum við skrá starfsmann(1-2) hjá tunnunum og þá er hægt hnippa í hann/þá?
	4. Að endurnýta pappír	a. Að koma á góðri endurnýtingu á pappír í undirbúningsherbergi. b. Að endurnýta pappír inni á deildum. Einn dagur í viku sem er endurnýtingardagur. c. Að búa til pappír	X / Dropinn X og X X og X	Skipulag Net til að búa til pappír, dagblöð og önnur blöð og efniviður að vild.	Mars 2024 - apríl 2024 September 2023 - maí 2025 Mars 2024 - ágúst 2024	Hvað var gert? Er þetta í góðu skipulagi? Var búinn til pappír?
	5. Að fræðast um hringrásar- og linulegt hagkerfi	a. Að börn læri um mikilvægi þess að endurnýta hluti. T.d. horfi á mynbandið á linknum fyrir neðan og fræðist um hringrásar- og linulegt hagkerfi og https://landvernd.is/fot-og-hringrasarhagkerfid/ Finna bækur sem tengjast. Rusladrekinn. Búa til puppít pals og búa til vidjó; elsti hópurinn og kynna svo fyrir hinum. b. Setja upp í samræmi við börnin/foreldra endurnýtingarmarkað. Í leikskólanum eða rafrænan? c. Átak í matarsóun. Vigta matinn sem hendum og skrá niður. Ein vika í nóvember. Í lok matartíma farið yfir. Gera súlurit, hvað er þýngst? Setja okkur markmið. d. Skoða uppruna matar sem við neytum og hluta sem við notum. Er allt frá Íslandi? Hvaðan koma hlutirnir sem við notum og neytum. T.d. Hvaðan eru ávextir/grænmeti? Grænmetið? Nota landakort og skrá hvaðan ávextir/grænmeti koma.	Hópstjórar útfæra fyrir sinn aldurshóp (elstu tveir árgangar). Borðstjórar. Samverustjórar. Tengja við þemað þegar farið er yfir ávextir/grænmeti í febrúar.	Ípad + ? Vigt. Ípad + ?	Október 2024 - febrúar 2025 Ágúst 2024 - október 2024 nóvember 2024 Október 2024 - febrúar 2025	Var horft á myndbandið? Hvað var gert í framhaldi? Var endurnýtingarmarkaður? Hvaða markmið voru sett niður? Hvað var gert?
	6. Plastpokalaus leikskóli / Að gera foreldra ábyrga fyrir pokanotkun undir blaut fót	a. Að foreldrar komi með fjölnota poka undir blaut EDA óska eftir fleiri bolum til að búa til poka undir blaut fót.	Deildarstjórar.	Tölva EDA bolir og saumavél	Janúar 2024 - mars 2024	Eru börn komin með fjölnota poka undir blaut fót? Hafa verið saumaðir aukapokar?
		b. Búa til fjölnota box með börnum undir "gersemar" sem finnast úti í stað plastpoka (notum við plastpoka núna eða hvað gerum við?). Gerist í hópastarfi, börnin skreyta að vild og merkja. Möguleiki að búa til box fyrir hvern hóp sem er skoðað/notað í hópátíma (fjársljóðsbox) og safnað í yfir árið?	X og X	Endurnýta efnivið til að gera fjölnota box fyrir börnin.	September 2023 - febrúar 2024	Hvað var gert?

Eftirlit og endurmat

Aðgerðaráætlunin hékk uppi í undirbúningsherbergi frá því hún var tilbúin og út grænfánatímabilið. Það gerði kennurum og öðru starfsfólki kleift að hafa þetta fyrir framan sig og tækifæri til upprifjunar.

- Markmið 1 – Vinna markvisst með þjóðerni eða uppruna barna og starfsfólks í leikskólanum og kynna þannig ólíka menningarheima og lönd.

Unnin voru *Velkomin* skilti á tungumálum sem tengjast leikskólanum á síðasta grænfánatímabili, en skiltin voru þung og héldust illa uppi. Við ákváðum því að vinna þetta betur og gera önnur skilti á betri grunni. Skiltin hanga í fataherbergi Regnbogans þar sem allir foreldrar og börn sjá. *Þátttakendur: Regnbogabörn.*

Við fengum bækur lánaðar frá Heiðarskóla og elsti árgangurinn grúskaði í þjóðernum og löndum. Þau veltu fyrir sér hvar löndin væru og fleira. *Þátttakendur: elsti árgangur.*

Við höfum sungið á ólíkum tungumálum allt tímabilið og er það komið til að vera. Börnin læra sönglög á tungumálum annarra í leikskólanum. Við höfum t.d. sungið Meistari Jakob, Höfuð herðar, Ég elska blómin og Vinalagið. *Þátttakendur: Öll börn í leikskólanum.*

- Markmið 2 – Kynna ólíka menningarheima fyrir börnunum og aðstæður jafnaldra þeirra í fjarlægðum löndum.

Planið var að fara í samvinnu við leikskóla í Póllandi sem starfsfólk heimsótti, en sú leið gekk ekki upp hjá okkur þetta tímabil.

- Markmið 3 – Að virkja börnin í að skila úrgangi á viðeigandi staði til endurvinnslu.

Ein aðgerð var undir þessu markmiði að börnin tæmi reglulega flokkunartunnur, fari með í viðeigandi gáma og verði þannig betur meðvituð um úrgangsmál. Þetta markmið hefur gengið mjög vel. Elsti árgangurinn er með yfirumsjón með þessu og farið er reglulega (4-6 vikna fresti) á grenndarstöð með rusl sem þarf að henda þar. Börnunum hefur fundist þetta mjög gaman og nýta tækifærið til að lesa á gámana og finna viðeigandi gáma. Oftast hafa þau notast við gamla tvíburakerru til að flytja ruslið í gámana, en þegar snjór var yfir öllu var fengin snjóþota og fannst þeim líka mjög skemmtileg tilbreyting. *Þátttakendur: Elsti árgangur.*

- Markmið 4 – Að endurnýta pappír.

Leiðir sem við fórum að þessu markmiði var að koma á góðri endurnýtingu á pappír í undirbúningsherbergi, að endurnýta pappír betur inni á deildum og að búa til pappír. Þetta markmið gekk vel upp og hefur myndast gott skipulag í kringum endurnýtingu á pappír. Safnað er í hillu/skúffu blöð/pappír sem má endurnýta. Það er svo nýtt á föstudögum í sköpun. Mánudegi var svo einnig bætt við. Sum börn hafa einnig verið að koma með pappír að heiman sem þau sjá fyrir sér að geta nýtt í sköpun og setja þá hilluna/skúffuna. *Þátttakendur: Öll börn í leikskólanum.*

Sigtin okkar til að búa til pappír voru ónýtt og tók þó nokkuð langan tíma að finna ný sigti, en það tókst að lokum og var farið í að búa til pappír á haustönn 2024. Pappírvinnslan gekk vel, en ræddu kennarar

um að gott væri að prófa að gera þetta aftur um sumar til að hægt sé að fara í þessa sultvinnu úti, en það hefur oft verið gert þannig hér í Skýjaborg. *Þátttakendur: Öll börn í leikskólanum.*

- Markmið 5 – Að fræðast um hringrásar- og línulegt hagkerfi.

Útbúið var myndband með elsta árgangi, þar sem þau segja frá sínum flokkunarverkefnum í leikskólanum og útskýra hvað eigi heima í hverjum gám eða tunnu. Í vor/sumar munu þau svo sýna yngri börnum í leikskólanum myndbandið og fræða. Kennari tók upp og klippti saman myndbandið.

Ákveðið var að setja ekki upp endurnýtingarmarkað. Starfsfólkið ræddi þennan punkt vel og við vildum gjarnan geta boðið foreldrum upp á að hafa skiptimarkað í leikskólanum, en við höfum ekkert pláss til að koma honum upp. Starfsfólk er samt alltaf duglegt að koma fötum áfram á yngri börn þegar foreldrar spyrja starfsfólkið hvort það viti um einhvern sem gæti nýtt fötin áfram. Þetta er ekki markvisst og ekkert auglýst meðal foreldra.

Tekið var átak í matarsóun. Börnin á Regnboganum vigtuðu afganga sem fóru í ruslið og skráðu niður í tvær vikur. Niðurstöður voru gerðar sýnilegar á súluriti og ræddar við börnin. Börnin veltu fyrir sér hvað verður um matinn sem fer í úrgangsdallinn sem og hvað þau gætu gert til að koma í veg fyrir matarsóun. *Þátttakendur: Regnbogabörn.*

Skoðaður var uppruni ýmissa ávaxta sem við fáum í leikskólanum sem og fleiri sem hægt er að kaupa á Íslandi. Börnunum var sýnt kort af heiminum, farið yfir nöfn heimsálfa og staðsetningu Íslands. Börnin merktu inn á kortið með aðstoð kennara hvaðan ávextirnir komu. Alla daga vikunnar fengu börnin að kynna útleti og bragði á tveimur ávöxtum og lærðu frá hvaða löndum og heimsálfum þessir ávextir koma og hvar mesta uppskera þeirra er. *Þátttakendur: Regnbogabörn.*

- Markmið 6 – Plastpokalaus leikskóli / Að gera foreldra ábyrga fyrir pokanotkun undir blaut föt.

Við höfum í mörg ár unnið að því að vera plastpokalaus leikskóli. Í þó nokkur ár saumuðum við poka úr gömlum bolum. En pokarnir voru farnir að tína tölunni og fengum við lítil viðbrögð þegar við auglýstum eftir gömlum bolum til að sauma fleiri. Svo því vildum við stíga skrefið og báðum foreldra að koma með og hafa ávallt fjölnota poka í hólfinu undir blaut föt. Það hefur gengið nokkuð vel eftir. Flest börnin eru með poka í hólfinu sínu. *Þátttakendur: Öll börn í leikskólanum.*

Við útbjuggum einnig fjölnota box með börnunum undir gersemar sem finnast úti í stað þess að nota plastpoka. Börnin höfðu mjög gaman að því að útbúa sín gersemabox. Í framhaldi voru farnir göngutúrar og dýrgripum safnað. Að lokum fóru gersemaboxin heim. Þetta hefur verið skemmtilegt verkefni og unnið að oftar en einu sinni hér. Möguleiki að þetta sé að verða að föstum lið að hausti. *Þátttakendur: Regnbogabörn.*

Fimm markmiðum af sex var náð, en að auki var sleppt við eina aðgerð sem var búið að leggja upp með. Þeim markmiðum sem var náð gekk nokkuð vel að ná. Það gerðist töluvert minna í aðgerðum fyrra skólaárið. Umsjónarmaður verkefnis datt út í leyfi og prófað var að dreifa ábyrgð og valdi starfsfólk sér þá aðgerð sem það vildi sinna. Sú dreifða ábyrgð náði ekki út tímabilið, það þurfti að

endurraða starfsfólki aftur að hausti síðara skólaárins eins og gefur að skilja; sumt starfsfólk hætti, annað færðist að milli deilda og aðrir bættust í hópinn.

Umsjónarmaður hefur eftirlitshlutverk með verkefninu og passa upp á að umhverfissjónarmið séu tekin til greina við ákvarðanatöku og í verkefnavinnu. Þetta tímabil hefur Eyrún Jóna Reynisdóttir, leikskólastjóri verið með yfirumsjón. Aldís Ósk Sævarsdóttir var umsjónarmaður í upphafi tímabils og lagði góðan grunn.

Farið var reglulega yfir markmiðin/aðgerðaráætlunina á starfsmannafundum, staða könnuð og áframhald áætlað. Leikskólastjóri var duglegur að minna reglulega á grænfánaverkefnið og aðstoðaði við framkvæmd, en það var mikilvægt því stór hluti tímabilsins var án umsjónarmanns og margir starfsmenn komu að framkvæmd aðgerða.

Fræðsla og verkefni

Eins og sjá má hér fyrir ofan þá voru hluti aðgerða sem elsti árgangur vann, hluti sem öll börn á Regnboganum unnu (3-6 ára börn) og hluti sem öll börn í leikskólanum unnu. Það var flokkað eftir erfiðleika aðgerða og þroska barna.

Verkefni sem unnin voru til að ná markmiðunum er farið yfir í kaflanum hér fyrir ofan. Til að sýna sem best hvað var gert til að ná markmiðunum verður vísað í Ársskýrslur Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Í ársskýrslu er tekið saman hvað var gert í umhverfismálum það árið og má sjá samantekt síðustu tvö skólaárin hér fyrir neðan:

Umhverfismennt í Skýjaborg 2023-2024

Umhverfisnefndir skólans eru tvær, annars vegar umhverfisnefnd elsta árgangs skólans og hins vegar umhverfisnefnd alls starfsfólks skólans. Á skólaárinu voru engir skráðir fundir með umhverfisnefnd barna, en ýmislegt var brallað með þeim sem farið verður yfir hér fyrir neðan. Við þurfum að bæta okkur í fundargerðum næsta vetur. Þrír fundir voru haldnir í umhverfisnefnd starfsfólks.

Í haust tók við nýr verkefnisstjóri Grænfánans, Aldís Ósk Sævarsdóttir. Hún lagðist yfir hvað við höfðum gert áður og hvar væru tækifæri fyrir leikskólann til að bæta sig. Hún kom með hugmyndir að vinna með þemun *hnattrænt jafnrétti og neysla og úrgangur*. Á umhverfisnefndarfundi starfsmanna voru þemun lögð fram og samþykkt og markmið rædd. Í framhaldi var útbúin tímasett aðgerðaráætlun sem var lögð fyrir starfsfólk í janúar. Þá var verkefnastjóri komin í leyfi og ákveðið að hafa dreifða ábyrgð þar sem fólk kaus sér markmið úr áætluninni til að vinna að í samstarfi við börnin. Áætlunin hangir í undirbúningsherbergi þar sem hún er sýnileg öllu starfsfólki.

Í tengslum við þemað hnattrænt jafnrétti var unnið að markmiðinu að vinna markvisst með þjóðerni eða uppruna barna og starfsfólks í leikskólanum og kynna þannig ólíka menningarheima og lönd. Fánarnir voru uppfærðir miðað við tengsl barna og starfsfólks við önnur lönd. Sýnileiki fánanna eykur áhuga barnanna á fánum og hafa þeir verið mikið perlaðir og litaðir í vetur. Haldið var áfram að syngja á ólíkum tungumálum í söngstundum.

Í tengslum við þemað neysla og úrgangur var unnið að þremur markmiðum. Í fyrsta lagi voru börnin virkjuð í að skila úrgangi á viðeigandi staði til endurvinnslu. Elsti árgangurinn fékk yfirumsjón með þessu verkefni. Fóru þau reglulega á grenndarstöð með rusl sem þarf að henda þar. Þeim fannst þetta mjög skemmtilegt verkefni. Inn í þetta verkefni fléttast meðal annars læsi, þar sem börnin lásu á gámana til að finna viðeigandi gáma undir ruslið. Í öðru lagi var unnið að því að endurnýta pappír. Komið hefur verið á góðri endurnýtingu á pappír í undirbúningsherbergi. Pappír inni á deildum hefur einnig verið vel nýttur og hafa föstudagar verið tileinkaðir endurnýtingu og enginn annar pappír í boði. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel, safnað er í hillu yfir vikuna og svo allt tekið fram á föstudögum í sköpun. Þessi nýting hefur smitast út frá sér og hafa börnin stundum komið með pappír að heiman fyrir föstudagana. Í þriðja lagi voru útbúin fjölnotabox með börnunum undir gersemar sem finnast úti í náttúrunni, í stað þess að nota plastpoka. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni, börnin útbjuggu gersemarbox í hópátímum og fóru í framhaldi í göngutúra og söfnuðu sér dýrgripum. Að lokum fóru boxin heim. Þetta er skemmtilegt haustverkefni sem væri gaman að endurtaka.

Annað sem gert var í vetur í tengslum við umhverfismennt:

Í haust tíndu börnin rífsber á runnunum í garðinum. Þetta voru fá ber svo þau enduðu bara beint í munnum. Börnin tíndu stóra steina í nærumhverfinu sem nýttir voru sköpunargerð. Teknar voru upp kartöflur. Haldið var upp á dag íslenskrar náttúru með því að fara í göngutúr um hverfið, leika á Vinavelli og fá sér ávaxtabita og vatn. Vinavöllur var opnaður síðasta sumar og gaman að segja frá því að leikskólabörnin hafa mikið nýtt sér hann í vetur. Farið var yfir mikilvægi handþvottar og mikilvægi þess að nota bara eina bunu af sápu fyrir umhverfið. Hóparnir völdu sér sælureit úti í náttúrunni. Unnið er áfram með áhuga barna sem vaknar í vettvangsferðum, t.d. sköpuðu börnin í hákarlahóp köngulær í framhaldi af vettvangsferð í haust og í janúar sá eiturslönguhópur mikið af rusli eftir áramótin og ákváðu að tína rusl og setja í viðeigandi gáma.

Í vetur var mikil kjarkæfing í einu óveðrinu. Börnin klæddu sig upp og fóru út í snjóköf og rok, hlupu svo saman mislangar vegalengdir inni í garðinum og svo aftur til baka í skjól. Sumum fannst þetta mjög gaman á meðan önnur fóru strax inn aftur. Í vetur og vor hefur átt sér stað skemmtileg rannsóknarvinna. Drengur kom með kanínuhauskúpu og krabba að heiman sem börnin þurftu að skoða vel með stækkunarglerjum og smásjá. Svo hafa börnin skoðað meðal annars býflug, blóm, steina og skeljar sem þau hafa fundið úti og viljað rannsaka. Matráðurinn okkar kom með nokkra krossfiska sem veiddust í krabbagildru og börnin fengu að rannsaka. Í maí fengum við heimsókn frá Byggðasafninu að Görðum, þær Krístrúnu og Halldóru, í tilefni af Barnamenningarhátíð Á Akranesi. Þær komu með skemmtilegt upplegg um fjörufróðleik og sögðu okkur söguna um Katanesskrímslið.

Í tengslum við útielddhúsið okkar hafa fjölskyldur verið duglegar að gefa okkur efnivið til að leika með í útielddhúsinu. Í vor fengu börnin að fara í litlum hópum heim til eins starfsmanns í hvolpaheimsókn. Haldið var upp á Dag umhverfisins þar sem öll fóru saman út að tína rusl. Hjálpast að við að flokka ruslið í viðeigandi tunnur. Gamán að sjá hvað hverfið okkar er hreint og lítið af rusli. Við settum niður sólblómafræ og karsafræ. Börnin útbjuggu sér blómapott úr mjólkurfernum, máluðu og gerðu að sínu og fóru svo með sólblómið heim í pottinum.

Eyrún Jóna Reynisdóttir, júní 2024

Umhverfismennt í Skýjaborg 2024-2025

Umhverfisnefndir skólans eru tvær, annars vegar umhverfisnefnd elsta árgangs skólans og hins vegar umhverfisnefnd alls starfsfólks skólans. Á skólaárinu voru nokkrir skráðir fundir með umhverfisnefnd barna og tveir fundir voru haldnir í umhverfisnefnd starfsfólks. Að auki var ýmislegt annað brallað tengt umhverfismennt sem ekki var skráð í fundargerðir.

Haust 2023 voru sett markmið grænfánans til tveggja ára og var því áframhaldandi vinna að aðgerðaráætlun Grænfánans. Enginn verkefnastjóri eða umsjónarmaður grænfánans var þetta skólaár. Leikskólastjóri aðstoðaði kennara og annað starfsfólk að fylgja eftir aðgerðum.

Í tengslum við þemað hnattrænt jafnrétti var unnið áfram með þjóðerni og/eða uppruna barna og starfsfólks í leikskólanum. Sungið var á fjölbreyttum tungumálum og einn Velkomin fáni/skilti bættist við.

Í tengslum við þemað neysla og úrgangur var margt gert. Í fyrsta lagi tók nýr elsti árgangur (rósahópur) við því hlutverki að fara með rusl á grenndarstöð. Í öðru lagi var unnið að því að endurnýta pappír og hefur markvisst verið unnið að því að nýta pappír vel. Föstudagar voru tileinkaðir endurnýtingu áfram og svo bættust mánudagar einnig við. Einnig var búin til pappír. Keypt voru ný sigti, en þau gömlu voru úr sér genginn. Í þriðja lagi unnið að því að fræðast um hringrásar- og línulegt hagkerfi. Elsti árgangurinn í samvinnu með kennara útbjó fræðslumyndband um að fara með viðeigandi rusl í grenndargámana og kynntu fyrir yngri börnum í leikskólanum. Farið var í matarsóunaráttak. Börnin á Regnboganum vigtuðu afganga sem fóru í ruslið og skráðu niður í tvær vikur. Niðurstöður voru gerðar sýnilegar á súluriti og ræddar við börnin. Börnin veltu fyrir sér hvað verður um matinn sem fer í úrgangsdallinn sem og hvað þau gætu gert til að koma í veg fyrir matarsóun. Einnig var farið í mjög skemmtilegt verkefni þar sem skoðaður var uppruni ýmissa ávaxta sem við fáum í leikskólanum sem og fleiri sem hægt er að kaupa á Íslandi. Börnunum var sýnt kort af heiminum, farið yfir nöfn heimsálfa og staðsetningu Íslands. Börnin merktu inn á kortið með aðstoð kennara hvaðan ávextirnir komu. Alla daga vikunnar fengu börnin að kynna útlimi og bragði á tveimur ávöxtum og lærðu frá hvaða löndum og heimsálfum þessir ávextir koma og hvar mesta uppskera þeirra er.

Í fjórða lagi var unnið að því að verða plastpokalaus leikskóli. Við höfum í mörg ár unnið að því að vera plastpokalaus leikskóli. Í þó nokkur ár saumuðum við poka úr gömlum bolum. En pokarnir voru farnir að tína tölunni og fengum við lítil viðbrögð þegar við auglýstum eftir gömlum bolum til að sauma fleiri poka. Við tókum því næsta skref og báðum foreldra að koma með og hafa ávallt fjölnota poka í hólfinu undir blaut föt. Það hefur gengið nokkuð vel eftir. Flest börnin eru með poka í hólfinu sínu. Svo voru líkt og síðasta ár útbúin fjölnotabox með börnunum undir gersemar sem finnast úti í náttúrunni, í stað þess að nota plastpoka. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni, börnin útbjuggu gersemabox í hópatímum og fóru í framhaldi í göngutúra og söfnuðu sér dýrgripum. Að lokum fóru boxin heim.

Annað sem gert var síðastliðið ár í tengslum við umhverfismennt:

Farið hefur verið í alls kyns göngu- og vettvangsferðir þó við viljum alltaf gera betur. Síðasta sumar fengum við sex sæta fjölburakerru að gjöf frá Ungmenna- og Íþróttafélagi Hvalfjarðarsveitar. Kerran hefur mikið verið nýtt til göngu- og vettvangsferða með yngstu börnin í leikskólanum.

Á degi íslenskrar náttúru í september var farið í göngu í Hundraðekruskóginn okkar og náttúrulegum efnivið safnað; sveppum, könglum, greinum, steinum og blómum. Eftir hádegi voru leikstöðvar í garðinum þar sem leikið var með náttúrulegan efnivið; könglar og blóm í sandkassanum, skeljar og grjón í sullkarinu, útielhúsið var opið og gerður var sandleir og leikið með ásamt því sem fannst í göngutúrnum.

Í vetur hefur verið uppbygging á hreyfistundum sem boðið hefur verið upp á vikulega ýmist úti eða inni. Unnið hefur verið með árstíðirnar og nýtt það sem mismunandi árstíð gefur okkur, s.s. ber, lauf og litir í haust, snjór, frost og þýðu í vetur og blóm, skordýr, farfuglar og önnur dýr á vormánuðum. Við höldum umferðarviku og tannverndarviku. Í könnunarverkefnunum á Regnboga í vetur rannsökuðu hóparnir höfrunga, fiðrildi, regnboga og epli sem er allt eitthvað sem tengist umhverfimennt. Afrakstur mátti sjá á sýningu í Stjórnsýsluhúsinu í maí.

Árlega er einhver gróðursetning hjá okkur. Í vetur var smá leikur með karsa og nú í vor settu börnin niður sólblómafræ. Nýttar voru mjólkurfernur sem pottar.

Við hugsum vel um fuglana hér í Skýjaborg. Ekki var farið í fuglafóðursgerð en börnin, sérstaklega þau yngri á Dropanum, voru dugleg að gefa fuglunum afgangsbrauð út um gluggann í stað þess að henda.

Eyrún Jóna Reynisdóttir, maí 2025

Önnur verkefni sem tengjast sjálfbærni/umhverfismálum við skólann

Önnur fjölbreytt verkefni hafa verið unnin í leikskólanum sem tengjast sjálfbærni og/eða umhverfismennt. Í öllu starfi og öllum verkefnum hugum við að því að sjónarmið umhverfisnefndar séu skýr. Ávallt er horft til þess hvort við séum að nota efnivið sem er umhverfisvænstur í verkefnið og hvort við getum farið aðrar leiðir sem eru umhverfisvænni.

Fyrri árið kannaði aðstoðar-Lubbi dagsins veðrið og setti upp sjónrænt ásamt viðeigandi útifatnaði í fataherberginu. Þennan vetur hafa þau farið saman yfir veðrið á deildinni áður en farið er út.



Fuglarnir hafa fengið afgangsbrauð og ávexti eftir nónhressingu og sem sett hefur verið út á grasflöt fyrir fuglana yfir veturinn. Eftir nokkur skipti eru fuglarnir farnir að bíða í trjánnum eftir góðgætinu sem vekur mikla lukku hjá börnunum.

Á vorin fylgjumst við svo með komu farfuglana og setjum upp myndir af þeim fuglum sem við höfum séð að eru komnir til landsins. Stundum er unnið meira með fuglana.



Á Degi umhverfisins í apríl fara allir út að fegra umhverfi sitt. Við tínum rusl af skólalóðinni og í nágrenni.



Síðan haustið 2013 hefur eldri deildin farið reglulega í trjálund sem kallaður er Hundraðekruskógur. Í upphafi voru börnin með tré í fóstri og fylgdust með því vaxa og dafna, en nú er áherslan meira að njóta í skógarlundinum.

Við notum tölvupóst, heimasíðu, Karellen og skilaboðatöflu til að koma skilaboðum milli skóla og heimilis. Aldrei eru sendir miðar heim með börnunum. Lögð áhersla á að nota tölvu eða Ipad í stað þess að prenta út gögn.

Í skólasamstarfi elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans hefur umhverfismennt komið mikið við sögu. Þá eru um tvær ferðir yfir árið, önnur eða báðar sem börnin fara í vettvangsferðir út í náttúruna, s.s. skógarferð í Álfholtsskóg eða fjöruferð.



Í hópastarfi eru unnin könnunarverkefni þar sem tekið er fyrir ákveðið þema eða viðfangsefni. Börnin velja sjálf viðfangsefni og síðan er gerð ítarleg rannsókn á því, út frá áhuga barnanna. Oft eru þemun tengd umhverfi og náttúru. Verkefnin miðast að því að komið er inn á öll námssvið leikskóla. Síðustu tvö ár hafa börnin til að mynda kannað broddgelti, hýenur, höfrunga, fiðrildi, regnboga og epli.

Tenging við aðalnámskrá

Tenging við grunnþætti menntunar:

Læsi: Unnið var í hópum þar sem allir voru virkir og miklar samræður áttu sér stað, s.s. á umhverfisnefndarfundum, göngutúrum og í hópastarfi. Í grenndarnámi kynnast börnin orðaforða umhverfisverndar ásamt hugtökum og staðarheitum í nágrenni.

Sjálfbærni: Unnið er að grenndarnámi. Landakort með mynd af börnum og starfsfólki hangir í fataherbergi. Barnahóparnir eiga sér sælureit. Börnin flokka ruslið. Fræðsla um umgengni og virðingu fyrir náttúrunni. Við hirðum rusl sem finnst í náttúrunni. Við leggjum áherslu á að spara vatn, sápu og orku. Við endurnýtum pappír og annað sem til fellur sem hægt er að endurnýta. Við leggjum áherslu á hófsemi.

Lýðræði og mannréttindi: Börnunum eru kennd lýðræðisleg vinnubrögð, meðal annars í gegnum umhverfisfundi, þar sem þau fá að sjá hvernig fundir virka og hvernig þau geta haft áhrif á umhverfi sitt.

Jafnrétti: Hlustað er á raddir barnanna í öllum verkefnum og þeim leyft að hafa áhrif. Börnin í leikskólanum eiga jafnan rétt til að taka þátt í öllum verkefnum.

Heilbrigði og velferð: Börnin fá hvíldarstund eftir hádegismatinn þar sem lagt er áherslu á slökun og núvitund. Farið er reglulega í göngutúra og vettvangsferðir um nærumhverfið. Börnin fá holla næringu. Við leggjum áherslu á hófsemi og tökum reglulega umræðu um matarsóun og gerðum matarsóunarverkefni. Settar voru á vikulegar hreyfistundir (seinna árið).

Sköpun: Í tengslum við grænánaverkefnið var unnið að fjölmörgum skapandi verkefnum þar sem megináhersla er á sköpunarferlið sjálft sem er mikilvægur þáttur í þroska barnsins. Börnin velta fyrir sér hvaða efnivið þau geta nýtt úr endurvinnslukassanum og nýta hann gjarnan í skapandi vinnu. Mikil sköpun tengdist t.d. gerð velkomin-skilta og fánagerð. Mikil sköpun á sér stað í könnunarverkefnum barnanna.

Að upplýsa og fá aðra með

Leikskólinn er stoltur Grænfánaskóli og er lögð áhersla á að nýta hvert tækifæri til vekja athygli á grænfánaverkefninu. Með reglulegum tölvupóstum bæði frá deildarstjórum og leikskólastjóra fá foreldrar upplýsingar um hin ýmsu grænfánaverkefni sem börnin fást við. Þá fá foreldrar myndir í gegnum leikskólakerfið Karellen.

Umhverfisverkefni leikskólans eru kynnt á heimasíðu skólans. En á heimasíðunni hefur Grænfáninn sér síðu þar sem má finna ýmsar upplýsingar um Grænfánann, umhverfissáttmála Skýjaborgar, fundargerðir o.fl. Sjá nánar hér: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/aherslur/umhverfismennt>.

Á nokkurra mánaða fresti gefur leikskólinn út Fréttabréf Skýjaborgar þar sem áherslan er að kynna það flotta starf sem fram fer inn í leikskólanum út á við. Inn í fréttabréfið er fléttað ýmislegt sem hefur verið gert í leikskólanum, meðal annars tengt umhverfismennt. Fréttabréfið kemur út og er aðgengilegt sem frétt á heimasíðu skólans.

Þegar aðrir leikskólastarfsmenn koma í heimsókn er vel farið yfir alla umhverfismennt sem leikskólinn vinnur að og hefur unnið að.

Umhverfissáttmáli

Hér fyrir neðan má sjá umhverfissáttmála Skýjaborgar.

Umhverfissáttmáli Skýjaborgar

Í leikskólanum er unnið markvisst að því að minnka það umhverfisálag sem leikskólinn veldur. Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar, náttúru, dýra- og mannlífi. Okkar umgengni er öðrum til fyrirmyndar.

Þetta gerir starfsfólk með því að:

- ❖ Hugsá áður en við kaupum.
- ❖ Hugsá áður en við hendum.
- ❖ Fara sparlega með orku inni í leikskólanum.
- ❖ Nýta náttúruna til leikja og náms.

Þetta gera foreldrar með því að:

- ❖ Hafa bílinn ekki í gangi fyrir utan leikskólann
- ❖ Flokka sorp heima fyrir
- ❖ Fara sparlega með hreinlætisvörur og mælast til að nota ekki efni sem hafa skaðleg áhrif á umhverfið.
- ❖ Stuðla að því að fara sparlega með raforku, vatn og eldsneyti.

Þetta gera börnin með því að:

- ❖ Passa upp á að ljós séu ekki kveikt þar sem dagsbirta dugir.
- ❖ Nýta náttúrulega hluti sem leikefni.
- ❖ Endurnýta verðlaust efni til að leika með.

Unnin hefur verið áætlun um framkvæmd þessa sáttmála. Áætlunin er endurskoðuð fyrir hvert starfsár og markmið metin.

Lokaorð

Þetta hefur verið skemmtilegt tímabil þar sem áherslan var mikil á neyslu og úrgang en þó aðeins á hnattrænt jafnrétti. Margt hefur áunnist, augin þekking og góðar minningar búnar til eins og lesa má um hér að ofan. Margt sem tengist grænfánaverkefninu er orðinn fastur liður í skólastarfinu og er leikskólinn alltaf að bæta við sig þekkingu og takast á við ný verkefni. Ekki er búið að ákveða þemu fyrir næsta grænfánatímabil, en ákveðið hefur verið að taka upp umhverfissáttmálann í haust.

Fyrir hönd Skýjaborgar
Eyrún Jóna Reynisdóttir, leikskólastjóri

Fylgiskjal 1 – Fundargerðir

Fundargerðir eru hér með í viðhengi. Einnig má finna allar fundargerðir á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/aherslur/umhverfismennt/fundargerdir>

Dagur umhverfisins, 23. Apríl. 2025 **Ruslatínsla á degi umhverfisins**

Markmið.

Efla börn í að hugsa vel um umhverfi sitt með því að kenna þeim að það eigi ekki að henda rusli á jörðina heldur á rusl heima í viðeigandi ruslatunnum og ef þau sjá rusl eigi að hvetja þau til að henda því.

Framkvæmd.

Þar sem dagur umhverfisins sem haldin er 25. Apríl hitti á starfsdag á leikskólanum Skýjaborg var ákveðið að halda upp á dag umhverfisins þann 23. Apríl í staðinn. Öll börn leikskólans fóru í göngutúr í nærumhverfi leikskólans og týndu upp rusl.

Niðurstöður

Allir voru áhugasamir og voru duglegir að týna upp rusl í göngutúrnum og var ruslinu síðan hent í viðeigandi ruslatunnur.

Starfsfólk og börn Skýjaborgar, ruslaplokkarar

Grænfánaverkefni, febrúar 2025

Uppruni ávaxta og ávaxtasmakk

Markmið:

Að börnin kynnist heimskortinu, heimsálfunum og læri hvaðan valdir ávextir koma. Einnig kynnast þau útlitinu og bragðinu af þessum ávöxtum.

Efnivið:

- Heimskort
- Myndir af ávöxtum og nöfn þeirra landa sem þessir ávextir koma frá eða mest uppskeran er ræktuð
- Valdir ávextir: epli, banani, appelsína, mangó, ananas, papaya og ástaraldin

Undirbúningur:

Verkefnið tengist mánaðarþemu Skýjaborgar í febrúar sem var „Ávextir og grænmeti“. Ákveðið var að nýta eina viku í þessu mánuði til að kenna börnum um uppruna ávaxta. Hugmyndin var að velja og kaupa ávextir sem börnin þekkja ásamt framandi ávöxtum sem börnin þekkja kannski ekki. Þannig að epli, banani og appelsína, sem börnin borða oft í leikskólanum, og mangó og ananas sem þau hafa mögulega smakkað einhvern tímann, ásamt papaya og ástaraldin sem þau þekkja líklega ekki. Það var einnig undirbúið myndir af þessum ávöxtum með nöfn þeirra landa sem þeir koma frá og nöfn þeirra landa þar sem mesta uppskeran af þessum ávöxtum er ræktuð.

Framkvæmd:

Í upphafi verkefnis var sýnt börnunum kort af heiminum, nöfn heimsálfa og staðsetningu Íslands.



Síðan var sagt börnum að heimskortid verður notað til að merkja á það hvaðan ávextirnir komu. Alla daga vikunnar fengu börnin að kynnst útliti og bragði á tveimur ávöxtum og lærðu frá hvaða löndum og heimsálfum þessir ávextir koma og hvar mesta uppskera þeirra er.





Niðurstöður:

Það kom í ljós að uppruni og uppskera ávaxtanna er oftast á suðrænum svæðum (nálægt



hitabeltinu).

Hvers vegna koma ávextir ekki frá norrænum löndum eins og til dæmis Íslandi? Á norðursvæðum jarðar er ekki nógu hátt hitastig og mikið sólarljós sem ávextir þurfa til að þroskast. Við lærðum að í norrænum löndum séu sumir ávextir ræktaðir í gróðurhúsum þar sem hitaskilyrði eru svipuð og á suðrænum svæðum.

Þar að auki höfðu valdir ávextir mismunandi lögun, liti og bragð. Sumir voru harðir, sumir voru mjúkir. Sumt var súrt og annað sætt eða með "skrýtið" bragð. Flestir þessara ávaxta hafa fræ. Það reyndist áhugavert að ananas vex ekki á tré heldur úr jörðinni og hann fjölgar sér ekki með fræjum heldur er toppurinn skorið af honum, og gróðursetur aftur.

Agnieszka Aurelia Korpak, verkefnastjóri

Grænfánafundur janúar 2025

Neysla og úrgangur

Markmið.

Að kynna fyrir börnunum hringrásar- og línulegt hagkerfi með því vekja athygli á hugtakinu matarsóun.

Framkvæmd.

- Börnin eru spurð hvað þeim detti í hug þegar þau heyra orðið „matarsóun“ svörin skráð.
- Matur sem er settur í úrgangsdall er vigtaður daglega í eina viku. Niðurstöður gerðar sýnilegar á súluriti og ræddar við börnin.
- Börnin eru spurð hvað verður um matinn sem fer í úrgangsdallinn, svörin skráð.
- Börnin eru spurð hvað þau geti gert til að koma í veg fyrir matarsóun, svörin skráð.

Niðurstöður.

Hugmyndir barnanna um matarsóun

Henda mat

Að maður klári ekki af disknum sínum

Ekki klára matinn sinn

Matarsóun í sjónum
Klára ekki allan matinn sinn

Hugmyndir barnanna um hvað verður um matinn sem fer í úrgangsdallinn.

Veit ekki
Í ruslið
Í sjóinn
Í matarsóun
Út
Út í sjóinn
Í ruslabílinn
Fyrst í poka og svo í ruslabílinn

Hugmyndir barnanna um hvað hægt er að gera til að koma í veg fyrir matarsóun.

Setja matarsóun í vatnið
Klára af disknum sínum
Klára allan matinn
Fara inn í ruslabíl
Klára allan matinn sinn
Klára matinn

Sigurbjörg Friðriksdóttir, verkefnisstjóri

Umhverfisnefndarfundur 2.1.2025

Mættar: Aga, Ágústa, Árdís (f.h.), Ásdís, Bára, Diljá, Eyrún, Gugga (f.h.), Ingibjörg, Karina, Pála, Sigurbjörg, Sonja, Védís. Eyrún ritar fundargerð.

- **Grænfáni – Yfirferð á aðgerðaráætlun + hvað er á dagskrá þessa önn.**
 - Förum ekki í samstarf við leikskóla í Póllandi.
 - Búið að búa til pappír.
 - Hringrásar og línulegt hagkerfi: Ekki hafið. Hópstjórar vinna þetta í jan og feb.
 - Matarsóun: Vigtunarvika hefst 6. jan á Regnboganum.
 - Uppruni matar o.fl.: Tekið með mánaðarþemanu í febrúar.
 - Plastpokalaus leikskóli: Foreldrar hafa verið beðnir að koma með með fjölnota poka undir blaut faut. Gott væri að ítreka það, en mörg börn eru komin með poka í kassann sinn.

Grænfána-pappamassagerð Nóvember/Desember 2024
Endurnýting á afgangspappír í pappamassagerð

Markmið.

Börn fái þjálfun og innsýn hvernig er hægt að nýta allskonar afganga af ýmiskonar gerðum af pappír og endurnýta hann í að búa til nýjan pappír

Framkvæmd.

Nýttar voru afgangspappír sem börnin fengu að rífa sjálf niður og einnig fengum við pappírsræmur frá fyrirtæki í Reykjavík sem við gátum endurnýtt í verkefnið. Kennari blandaði síðan saman pappír, hveiti og vatn, en ákveðið var að prufa náttúrulega blöndu sem er gerð úr hveiti og vatni í stað veggfóðurslím. Börnin síðan tóku fullan þátt í að setja saman drullumallið í sérstaka ramma til að útbúa pappamassa pappírinn, eldri börnin voru vel virk í

Þessu en yngri börnin voru meira í að fylgjast með því þeim fannst drullumallið frekar ógeðfellt

Niðurstöður.

Slatti af pappamassa pappír voru útbúnir og voru nýttir sem merkimiðar á jólagjafir til foreldra í desember.

Bára Tómasdóttir og Diljá Marín Jónsdóttir, verkefnastjórar

Umhverfismenntarfundur barna

7.10.2024

Mætt: Öll börn í rósahópi: Díana Sigurdís, Guðrún Agnes, Hekla, Ingibjörg Nína og Mikael Sesar. Eyrún skólastjóri og Diljá hópstjóri

Grænfáninn var settur á mitt borðið. Ræddum hvaða fáni þetta var. Þau þekktu að þetta væri grænfáninn. Við ræddum umhverfismennt og rifjuðum upp hvað við gerðum í leikskólanum í tengslum við umhverfismennt t.d. að:

- Velkomin skilti á ólíkum tungumálum
- Syngjum á ólíkum tungumálum
- Flokkum ruslið og förum með grenndargáma
- Nota ekki plastpoka. Erum með aukapoka í hólfunum okkar.

Ræddum svo í vetur ætlum við að búa til pappír og erum núna að spyrja mömmu og pabba hvort þau eigi eitthvað heim sem annars fer í ruslið. Við munum læra aðeins um hringrásarhagkerfið. Það er flókið orð. En þau skilja að ruslið fer á ruslahaugana en úlpa sem er orðin of lítil á þau, þau gefa hana yngra barni sem getur notað hana áfram. Fundi slitið og börnin fóru í framhaldi að búa til haustmyndir úr laufum og öðru sem þau tíndu í nærumhverfinu.

Dagur náttúrunnar 16. September 2024 **Hvað gerðum við í tilefni dags náttúrunnar**

Markmið.

Efla börnin í umhverfisvitund og sýna þeim hvernig nýta má náttúrulegan efnivið til að leika með. Leyfa börnunum að sleppa því að nota hefðbundið dót sem er til á leikskólanum og nýta aðeins náttúrulegan efnivið.

Framkvæmd.

Regnboginn fór í göngutúr í hverfinu í litlu skógrækt leikskólans sem nefnist hundraðekruskógur og söfnuðu þau saman þar: blómum, steinum, grösom, sveppum og mörgu fleira til að taka með aftur á leikskólann. Kennari á leikskólanum var búin að undirbúa sandleir sem var nýttur með samhliða náttúruleikefninu, einnig voru könglar og skeljar nýttar sem voru til á leikskólanum. Leikskólalóðinni var skipt upp í nokkur svæði þar sem leikefnið var sett á öll svæðin og undu börnin sín mjög vel.

Niðurstöður.

Börnin undu sér mjög vel í leik úti og voru ekkert mikið að hugsa um af hverju það væri ekki dót úti á svæðinu sem gefur til kynna að börnin þurfa ekki alltaf dót til þess að leika sér og nýta börnin þá betur ímyndunaraflíð sitt. Einnig kom upp sú hugmynd hvort fleiri dagar ættu að vera dótalausir á skólaárinu.

Diljá Marín Jónsdóttir, hugmyndasmiður dagsins

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna 18. september 2024:

Mættar: Aga, Árdís, Ásdís, Bára, Diljá, Gugga, Helga (fh), Ingibjörg, Karina, Sigurbjörg, Sonja, Védís og Eyrún ritar fundargerð. **Undir síðasta liðnum; starfsfólk Regnboga.**

- **Fórum yfir aðgerðaráætlun grænfánans.** Ýmsu náðum við að ljúka á síðasta skólaári. Það sem áætlað var þetta skólaár / eða er eftir:
- **Kynna ólíka menningarheima:** Aga ætlar að hafa samband við leikskóla í Póllandi og spyrja hvort þau vilji byrja á einhverjum tengslum í tengslum við tónlist, kannski 2x á ári.
- **Að búa til pappír:** Nýjir rammar í pöntun. Fórum í síðar í vetur/vor þegar rammar eru komnir. Bára og Diljá (Aga og Sonja).
- **Plastpokalaus leikskóli:** Gerum foreldra ábyrga fyrir pokanotkun undir blaut föt. Deildarstjórar biðja foreldra að koma með fjölnota poka og setja í kassann.
- **Að fræðast um hringrásar- og línulegt hagkerfi:** Hópstjórar útfæra fyrir sinn aldurshóp (elstu tveir árgangar). Matarsóun: Borðstjórar. Skoða uppruna matar: Samverustjórar (Ásdís, Aga, Diljá).

Grænfána- flokkunar verkefni 2023-2025

Flokkun á rusli

Markmið.

Kynna fyrir elstu börnum leikskólans að ekki fari allt rusl í sömu tunnu og fá þau til þess að velta fyrir sér hringrásarkerfinu í flokkun.

Framkvæmd.

Einu sinni í mánuði eða oftar yfir allt skólaárið, er farið í stutta gönguferð niður að flokkunar gámum sem eru staðsettir í hverfi leikskólans með gler, málm, plast og pappa. Börnin fá að velta fyrir sér hvar hver eining á að fara með aðstoð kennara og flokka þau sjálf og henda í viðeigandi gáma.

Niðurstöður.

Hugmyndir þeirra um að flokka rusl var að það sé betra fyrir umhverfið okkar og þá þurfa líka rusla bílarnir ekki að koma eins oft. Verið er að útbúa kennslu myndband um flokkun með elstu börnunum sem verður síðan nýtt sem kynningarefni fyrir yngri börn á leikskólanum.

Diljá Marín Jónsdóttir, verkefnisstjóri

19.2.2024 – Umhverfisnefnd starfsmanna

Mættar: Aga, Árdís, Bára, Gugga, Guðrún, Helga María, Ingibjörg, Karina, Rita, Sigurbjörg, Sigurrós, Sonja, Védís og Eyrún ritar fundargerð.

- Grænfáni

- Ný aðgerðaráætlun kynnt, verður hengd í undirbúningsherbergi. Mikilvægt að starfsfólk lesi yfir og fylgist með því sem þeir eiga að sjá um og komi í farveg.

2.1.2024 – Umhverfisnefnd starfsmanna

Mættar: Aga, Árdís, Bára, Gugga, Guðrún, Helga María, Ingibjörg, Karina, Rita, Sigurbjörg, Sigurrós, Sonja, Védís frá hádegi. Eyrún ritar fundargerð.

- Síðasti fundur í september. Rætt var að hafa þemun **hnattrænt jafnrétti og neysla og úrgangur**.
- Aldís er umsjónarmaður grænfánans. Hún er í leyfi.
- Dreifð ábyrgð á grænfánaverkefni: að tveir starfsmenn séu ábyrgðarmenn að hverri aðgerð. Starfsmenn skrái hjá sér – 4 óskir að aðgerðum í þeirri röð sem þeir vilja sjá um. Eyrún fer yfir óskirnar.
- Skoðum aðgerðaráætlun saman.
- Farið var yfir drög að aðgerðaráætlun saman. Aðgerðir samþykktar og sumar teknar út. Í framhaldi fengu starfsmenn kosningarblað og áttu að kjósa sér hvaða aðgerð þeir vilja bera ábyrgð á. En rætt var um dreifða ábyrgð: Að tveir starfsmenn séu ábyrgðarmenn að hverri aðgerð.

18. September 2023 – Umhverfisnefnd starfsmanna

Mættar: Aga, Aldís, Bára, Gugga, Guðrún, Karina, Sigurbjörg, Sigurrós, Védís og Eyrún ritar fundargerð.

- Tímabilið: Júní 2023-maí 2025. Komin tími á að gera nýja áætlun til næstu tveggja skólaára.
- Þema: Veljum 1-2 þemu til að vinna með á tímabilinu.
- Markmið: Við eigum að setja okkur 5-6 markmið til að vinna með á tímabilinu.
- Aldís er umsjónarmaður grænfánans þetta skólaárið og fundar með umhverfisnefnd barna.

Hnattrænt jafnrétti:

Markmið: Fánar og tungumál. Gera nýtt á léttari pappa.

Ræða menningu við foreldra. Eru þeir með tungumál og fánann.

Halda áfram samvinnu við báða leikskólana sem við heimsóttum í Póllandi. Tengja saman.

Við megum ekki senda myndir á milli landa án sérstaks samþykkis foreldra. ath. það. Fá leyfi til að senda skráningar, skemmtilegt bréf til þeirra, til barnanna.

Við sendum ekki persónuupplýsingar.

Taka myndsímtal á milli landa.

Ekki taka myndir af börnum berum.

Hvernig hefjum við samstarfið?

Starfsfólki lýst vel á þessi tvö þemu. Neysla og úrgangur. Hnattrænt jafnrétti.

Hugmyndir: Endurnýtingamarkaður.

Slitnir bolir - til að búa til poka. Óska eftir pokum ef fólk á heima.

Allir foreldrar komi með margnota poka undir blaut/skítug föt.

Aldís og Eyrún vinni að markmiðasetningu fyrir grænfánann.